

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 2. tbl. 8. árg. 24. janúar 2014

Myndir augnabliksins eru frá Sunnuhvoli á Naustatjörn og sýna heimsókn frá Minjasafninu.



Hríseyjarskóli í verðlaunasæti í verkefni Landsbyggðarvina.

Hríseyjarskóli hefur í vetur tekið þátt í verkefni Landsbyggðarvina, en Landsbyggðarvinir er félag sem býður nokkrum skólum ár hvert upp á verkefni þar sem unnin er hugmyndavinna til að styrkja heimabyggð þeirra skóla sem valdir eru hvert sinn.

Yfirskrift verkefnisins er: Sköpunargleði – Heimabyggðin mín, Nýsköpun, Heilbrigði og Forvarnir. Nemendur í eldri deild (8., 9. og 10. bekk) tóku þátt í verkefninu og var það unnið í samfélagsgreinum. Vinnan á haustönninni var einstaklingsvinna þar sem nemendur skrifuðu ritgerðir. Vinnan fólst í því að ræða um kosti byggðarlagsins en koma jafnframt með tillögur til úrbóta á því sem betur mætti fara. Fjórar ritgerðir voru sendar inn í ritgerðarsamkeppni. Þeir fjórir nemendur sem skólinn sendi inn riterðir frá lentu saman í verðlaunasæti. Þeir eru: Einar Örn Gíslason, Jara Sól Ingimarsdóttir, Mónika Sól Jóhannsdóttir og Rúnar Freyr Júlíusson.

Verðlaunaafhending fór fram í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 18. janúar. Voru nemendur, foreldrar, skólastjóri og umsjónarkennari verkefnisins viðstaddir afhendinguna. Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra var einnig viðstaddur og afhenti verðlaunin.

Verðlaun voru veitt fyrir 1. – 4. sæti. Þeir skólar sem hlutu verðlaun voru:

1. sæti: Grunnskólinn í Hofgarði í Örfæsvæit.
2. sæti: Hríseyjarskóli.
3. sæti: Víðstaðaskóli í Hafnarfirði.
4. sæti: Grunnskólinn á Hólmavík.

Verkefni sem þetta er kjörinn vettvangur fyrir nemendur til að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri og hefur það mikla þýðingu fyrir skólann, bæði fyrir nemendur að leggja sitt lóð á vogarskálarnar í hugmyndavinnu fyrir samfélagið sem og að vekja athygli á sérstöðu skólans og okkar fámenna samfélags. Á vorönn verður haldið áfram með verkefnið þar sem nemendur útfæra betur eina hugmynd sem upp kom og verður það unnið í hópum.



Láttu drauminn rætast.

Undanfarin ár hefur Þorgrímur Þráinsson haldið fyrirlestur fyrir alla nemendur 10. bekkjar á landinu undir heitinu „Láttu drauminn rætast“. Þar segir hann líffreytnisögur af Ólafi Stefánssyni handboltakappa, Gylfa Sigurðssyni hjá Tottenham og handalausum tennisleikara, svo fátt eitt sé nefnt. Auk þess fjallar hann um mikilvægi þess að nemendur beri ábyrgð á eigin lífi og árangri, kenni ekki öðrum um. Hann hvetur þá til að eflast við mótlæti, hjálpa til á heimilinu, eiga falleg samskipti við foreldra og aðra, hrósa, gera góðverk og hann teiknar upp hvernig nemendur geta farið út fyrir þægindahringinn, skorað sjálfa sig á hólum. Þorgrímur er nú á ferðinni fyrir norðan og hittir nemendur 10. bekkja á Akureyri. Einnig buðu foreldrafélög Lundar-, Nausta-, Brekku- og Oddeyrarskóla foreldrum upp á að hlýða á fyrirlesturinn til þess að halda umræðni áfram heima fyrir.

Hér má sjá myndir frá heimsókninni í Oddeyrarskóla.



Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Opið hús í leikskólum Akureyrar.

Umsóknir um leikskólalátt fyrir börn fædd 2012. Mikilvægt er að umsóknirnar berist skóladeild eigi síðar en 15. febrúar n.k. Aðalinnritun í leikskóla á Akureyri hefst í byrjun marsmánaðar. Hafi umsóknum verð skilað inn tímanlega mega foreldrar þá eiga von á tilkynningu í tölvupósti með upplýsingum um hvenær barn þeirra getur hafið leikskólagöngu sína. Foreldrum er bent á að mikilvægt er að kynna sér leikskólana áður en umsóknum er skilað inn. Af því tilefni hefur verið ákveðið að bjóða foreldrum upp á opið hús í leikskólunum í fyrstu viku febrúarmánaðar. Í opnu húsi er gert ráð fyrir að foreldrar geti skoðað aðstæður skólanna og fengið svör við spurningum.

Sjá nánar á vef skóladeildar: <http://www.akureyri.is/skoladeild/forsida>

Danskur farkennari.

Í grunnskólum Akureyrar starfar nú danskur farkennari sem heitir Julie Fleischmann. Julie hefur dvalið á Íslandi frá síðasta hausti en hún kom til Akureyrar nú um áramótin eftir að hafa starfað í grunnskólanum á Ísafirði frá því í september 2013. Julie mun fara á milli fjögurra skóla á Akureyri fram til vorsins og vera á hverjum stað í um fjórar vikur. Þá mun hún reyna að heimsækja hina skólana eins og tími og kostur er á meðan á dvöl hennar stendur. Skólarnir sem eru svo heppnir að fá að njóta krafta Julie fram á vorið eru Naustaskóli, Brekkuskóli, Giljaskóli og Glerárskóli. Julie hefur þegar hafið störf í Naustaskóla og mun þaðan færa sig í Brekkuskóla þegar aðeins er komið inn í febrúarmánuð.

PMT námskeið í febrúar.

Í febrúar verður boðið upp á tvö PMT námskeið á vegum Skóladeildar. Annars vegar er um að ræða námskeið í PMT foreldrafærni (Parent Management Training) fyrir foreldra fjögurra og fimm ára barna og hins vegar PTC foreldranámskeið (Parenting through change) en þau eru skipulögð fyrir foreldra sex til tólf ára barna. Námskeiðin byggja á sömu hugmyndafræði, þ.e. að kynna fyrir foreldrum jákvæðar og styðjandi leiðir í uppeldinu með aðstoð verkfærakassa PMT sem inniheldur m.a. verkfæri eins og Fyrirmæli, Hvatningu og Mörk. Menntaðir PMT meðferðaraðilar kenna á námskeiðunum en tímar eru vikulega, 8-14 skipti.



Hvað er Samtaka.

Samtaka er nafn á svæðisráði foreldra í grunnskólum og framhaldsskólum Akureyrarbæjar. Samtaka er nú skipað fimmtán fulltrúum foreldra í sveitarfélaginu, það er einum fulltrúa foreldraráðs og einum fulltrúa foreldrafélags hvers grunnskóla á Akureyri og einum sameiginlegum fulltrúa foreldra nemenda Grunnskólans í Hrísey. Frá og með hausti 2013 eru fulltrúar foreldrafélaga framhaldsskólanna tveggja, MA og VMA, einnig fulltrúar í Samtaka.

Samtaka á tvo fulltrúa í fulltrúaráði Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra og tilnefni fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Nöfn þessara fulltrúa koma fram á listanum yfir stjórn svæðisráðsins.

Tilgangur Samtaka er að styrkja rödd foreldra sem hagsmunahóps í sveitarfélaginu og sameina krafta þeirra til góðra verka í skólumálum, meðal annars með því að auka samskipti milli foreldra og grunnskóla bæjarfélagsins og með því að velja fastan fulltrúa foreldra úr svæðisráðinu sem áheyrnarfulltrúa á fundum skólanefndar. Þannig má auka upplýsingaflæði frá foreldrum til skólafyrvalda og öfugt. Svæðisráðið er jafnframt tengiliður foreldra á Akureyri við Heimili og skóla, landssamtök foreldra, og tilnefni fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Formlegur stofnfundur svæðisráðsins var haldinn 5. febrúar 2007. Hægt er að fylgjast með Samtaka á vefsíðunni þeirra: <http://samtaka.net/>

Þorrinn.

Á heimasíðu Námsgagnastofnunar má lesa ýmsan fróðleik undir liðnum: Í dagsins önn. Þar segir m.a. um daginn í dag: Mikinn merkisdag ber upp á 24. janúar en þá hefst þorri. Þorri er gamalt mánaðarheiti en samkvæmt forníslensku tímatali var þorri fjórði mánuður vetrar. Nú á dögum könnumst við við þetta heiti úr hugtökum eins og þorramatur og þorrablót. Þorri var líka talinn erfiðasti vetrarmánuðurinn og því er stundum talað um að þreyja þorrann en það þýðir eiginlega að harka hann af sér eða að komast í gegnum hann, þola tímabundna erfiðleika.

Sjá nánar á: <http://www.nams.is/i-dagsins-onn/pistill/?NewsID=52f95c17-714d-11e3-9a81-0050568632e8>

Fyrsti dagur þorra nefnist bóndadagur og einmitt þann dag er miður vetur. Á bóndadaginn var sagt að menn ættu að klæða sig í eina buxnakálm og hoppa á öðrum fæti í kringum húsið sitt eða hlaupa á brókinni í kringum húsið. Um þetta fyrirbæri er aðeins til ein einasta heimild ef heimild skylði kalla. Einhver gamansamur náungi virðist hafa fært Jóni Árnasyni (1819-1888) þjóðsagnasafnara þennan spuna um miðja 19. öld og hann látið sig hafa það að prenta hann eins og fleira skoplegt. Engin önnur dæmi hafa fundist um þennan sið. Fólki þótti frásögnin í þjóðsögunum hinsvegar svo spaugileg að menn hafa viljað trúu henni.

Sjá nánar á: <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=7012>

Svona til gamans má geta þess að drengirnir í Hríseyjarskóla hafa þann skemmtilega sið að hlaupa einn hring kringum skólann berir að ofan á bóndadaginn. Þessar myndir eru teknar í morgun.



Næsti Skóla-akur kemur út fimmtudaginn 6. febrúar